



GUÐ OG TRÚARBRÖGÐ JANÚAR 2008

Spurningar nemenda:

- Af hverju þarf fólk guði/Guð?
- Hvernig væri heimurinn ef aldrei hefðu verið til trúarbrögð?

Fyrstu viðbrögð:

- Hvers vegna eru trúarbrögð svona rosalega viðkvæmt umræðuefni? (Kjartan)
- Ég held að fólk þurfi eða vilji trúarbrögð af því að það vill halda að það sé eitthvað þarna úti sem er „stærra“ heldur en þau (Siggi)
- Við höfum guð og trúarbrögð vegna þess að við myndum ekki klikkast af einsemd (Hans Marteinn)
- Þá væri allt betra. Af hverju? Vísindin hefðu blómstrað, minni slátranir, ekkert hatur, allir meira down-to-earth, öll löndin ynnu meira saman því fjarlægðir væru orðnar að engu þökk sé internetinu og góðum samskiptum (Kalli)
- Fólk þarf ekki guði en það er betra að hafa eitthvað að trú á – svona eins og í Secret. Það væru hugsanlega færri stríð en líka engin von. (Elísabet)
- Hryðjuverkamenn gera alltaf eitthvað í nafni trúarinnar, það væru örugglega færri stríð án trúarbragða – en líka minni von. (Borgrún)
- Fólk hefur alist upp við trúna á Guði síðan það var ungt eða pínulítið. Svo með aldrinum ferðu að vita meira og hafa meiri skoðu á málinu að trú á Guð. Mamma mín og pabbi ólu mig upp kristni trúaða og ég trúi enn á Guð, ástæðan fyrir því er einfaldlega þannig að manni líður betur við tilhugsunina um það að einhver vaki yfir manni og gæti manns og gæti að fjölskyldu manns og fólkið í kringum mann. (Björk)

Væri ekkert stríð eða hatur án trúarbragða?

- Fólk er samt að berjast af öðrum ástæðum...
- Það væri samt hatur án trúar, t.d. kemur hatur upp milli ólíkra kynþátta, þjóða – og hefur lítið eða ekkert með trú að gera
- Yrði örugglega meiri rasismi ef það væru ekki trúarbrögð
- Hitler? réðst gegn trúarhópum og ýmsum fleiri hópum (kynþáttum, þjóðflokkum, kynferðislegum hópum...)

Þurfum við trú til að hafa von, t.d. við mjög erfið veikindi?

- Secret
- Trú á guð/guði/yfirnáttúruleg öfl/hið óvænta
- Trúir fólk til að skýra það sem það skilur ekki?


Heimspæki
Guð og trú

- Trúir fólk til að hafa einhver sem styður við bakið á manni?
- Trúir fólk til að hafa von um betra líf?
- Trúir fólk af því að það hefur upplifað eitthvað (ofskynjun, vitrun)?

Á WIKI milli tíma:

[brynhildur](#) writes: Guð og Trú

- Trúir fólk til að skýra það sem það skilur ekki?
- Trúir fólk til að hafa einhver sem styður við bakið á manni?
- Trúir fólk til að hafa von um betra líf?

 Posted Jan 18, 2008 9:27 am - [\[delete\]](#)

[siggs](#) writes: re: Guð og Trú

já en ég held að það er mismunandi afhverju fólk trúir á guði -siggi

 Posted Yesterday 4:39 pm - [\[delete\]](#)

[brynhildur](#) writes: re: Guð og Trú

En hvað um þá sem trúa alls ekki? Hver er munurinn á þeim sem trúa á guð/guði og þeim sem trúa alls ekki á guð/guði?

 Posted Yesterday 5:41 pm - [\[delete\]](#)


[Kalli kremhaus](#) writes: re: Guð og Trú

Þeir sem trúa á guð/i eru, AMK þeir sem ég hef hitt, oftast sama fólkið og eltir eikkerja hugmynd, bara því að eikker annar fylgir henni. Svona, fólk sem vill að eikker annar leyði þau og nenna ekki að hugsa mikið. Þau eru líka oftast þau sem brjóta "boðorðin tíu", af einhverjum ástæðum...

Og, þeir sem trúa ekki á neitt eru oftast betur mentaðir, meiri rök hugsun, og minni græðgi. Það er gaman að fara á YouTube og skoða myndbönd um þetta.


Líka, ég get ekki svarað þessum spurningum, annars væri ég nú ekkert að spurja :)

-Kalli.

 Posted Yesterday 6:33 pm - [\[delete\]](#)

[Kjarri](#) writes: re: Guð og Trú

Trúarbrögð eru fyrir mér hið besta mál, ef fólk trúir og telur að það hjálpi til við erfiðar aðstæður þá sé ég ekkert annað en gott við það. Ef fólk vill ekki trúa þá finnst mér það líka gott mál, en ef fólk er farið að skjóta hvort annað, sprengja og drepa fólk sem það veit ekki einu sinni að er til þá er eitthvað verið að misskilja tilgang þeirra.

 Posted Yesterday 10:09 pm - [\[delete\]](#)

Framhald á samræðu í tíma 23. janúar:

- tengist trúarbrögð einhverjum störfum? ER fólk ákveðinnar trúar líklegra til að sækja um ákveðin störf?
 - Nei, vinnan skiptir ekki máli
 - Kannski skiptir þetta máli ef yfirmaðurinn er mjög strangtrúaður hverjir vilja vinna á þeim vinnustað
 - Kannski skiptir það máli fyrir ákveðin störf t.d. slátrara starfið
 - Í sumum samfélögum er skipt um trúarbrögð þegar fólk sækir um störf, t.d. í strangtrúuðum múslímskum samfélögum, strangtrúuðum kristnum, bandarískum samfélögum
- Ekkert spennandi að ræða um trú því við vitum að það verður alltaf rígur milli trúarbragða
 - ekkert nýtt að gerast
- Trúarbrögð sem vilja ekki útiloka önnur trúarbrögð heldur leita að sameiginlegum þáttum – eru þau þá betri?
 - En ef það er enginn munur á trúarbrögðum – skipta þau þá nokkru máli?
 - við vitum ekkert hvernig önnur trúarbrögð eru/virka – hvernig getum við þá sagt eitthvað um þau? dæmt þau sem betri/verri?
- Hver er munurinn á að trúa á Guð eða trúa á Jólasveininn?
 - trú á Guð virðist lífseigari en trú á jólasveininn
- Þarf maður Guð til að staðfesta giftingu? sanna giftinguna?
 - hægt að gifta sig borgaralega
 - trúir maður á guð til að gifta sig, halda fermingu, skírn o.s.frv.
 - er gifting bara trygging á erfðarétti?
- Hvað um allt öðruvísi trúarbrögð
 - trú á steina? steinarnir gefi vernd og eru seldir
 - trú á vísindin?
- Munur á trúarbrögðum og „Cult“ (sértrúarflokkur)?
 - Í culti þarf að borga ýmislegt, bara einn maður sem ákveður hvað er satt, litlir hópar og þátttakendur „veikir fyrir“ á einhvern hátt, leiðtoginn stjórnar öllum hópnum, stundum fjöldasjálfsmorð
 - cult meira hópur af fólki sem safnast saman og býr til helgiathafnir
 - Enginn munur á þessu tvennu: bara hversu margir eru sammála þessu. Ef fleiri eru sammála þá trúarbrögð, ef færri eru sammála þá cult.

Framhald á samræðu í tíma 25. janúar:

- Skiptir máli hvort hægt er að sanna/afsanna tilvist Guðs?
- Það er hvorki hægt að sanna né afsanna að Guð sé til:
 - gildir þá ekki bara regla eins og í réttarkerfinu að „saklaus uns sekt er sönnuð“ – væri þá „engin Guð til nema tilvist hans sé sönnuð“
 - en trú er ekki eins og réttarkerfi:
- Munur á trú og vita:
 - trú: ég trúi alveg sama hvað gerist

Heimspæki
Guð og trú

- vita: ég hef sannanir og
- Hefur biblían sögulegt gildi – segir hún eitthvað um tilvist Guðs?
 - sbr. Íslendingasögur (líka gamall texti, var skrifað af mörgum, var skrifað eftir að atburðirnir gerðust)
 - hægt að sanna að Jesú hafi risið upp frá dauðum?
 - hægt að sanna að Jesú hafi gefið kannabis?

Heimspeki
Guð og trú

Veðmál Pascals

Heimild:

Atli Harðarson. (1995). *Afarkostir*. Reykjavík: Heimspékistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfunni.

Frakkinn Blaise Pascal (1623 - 1662) er helsti upphafsmaður líkindareikningsins og jafnan talinn með mestu stærðfræðingum 17. aldar. Pascalþríhyrningurinn, sem er fjallað um í stærðfræðikennslubókum fyrir framhaldsskóla, er við hann kenndur. En Pascal fékkst ekki bara við stærðfræði. Á skammri ævi vann hann líka afrek í eðlisfræði og fleiri greinum og telst með merkustu upphafsmönnum raunvísindanna.

Ólíkt flestum öðrum vísindamönnum síns tíma efaðist Pascal um ágæti vísindalegrar hugsunar og þeirrar skynsemi sem vísindamenn og heimspekingar dásömuðu hvað mest. Honum þótti hún færa mönnum heldur vonars nauða visku og engan veginn duga til að afla þeirrar þekkingar sem þarf til að lifa lífinu. Pascal áleit rödd hjartans veita öruggari leiðsögn og hann óttaðist að skynsemi og rökhugsun yfirgnæfðu þessa rödd. "Hjartað á sín rök sem rökhugsun nær ekki til" sagði hann.

Árið 1654 varð Pascal fyrir einhvers konar vitrun eða trúarlegri reynslu. Hann skráði reynslu sína með orðunum "Eldur. Guð Abrahams, Guð Ísaks, Guð Jakobs, ekki Guð heimspekinganna og lærdómsmannanna. Öryggi, víska, sæla, friður." Alla tíð síðan var þessum einkennilega vísindamanni meira í mun að boða mönnum trú en að kunngera niðurstöður rannsókna sinna í eðlisfræði og stærðfræði. Ekki fór þó hjá því að trúboð hans litaðist nokkuð af hugsun vísindamannsins.

Aftek Pascals í líkindareikningi gerðu mönnum mögulegt að glöggva sig á hvernig skynsamlegt er að bregðast við óvissu og Pascal notar hugmyndir sínar um skynsamleg viðbrögð við óvissu til að rökstyðja kristna trú. Í Hugleiðingum¹ sínum segir hann:

Segjum nú sem svo: Annað hvort er Guð til eða hann er ekki til. En hvort eigum við að halda? Skynsemin getur ekki skorið úr. Á milli þessara tveggja kosta er ginnungagap og úti í óendanleikanum er hlutkesti varpað. Hvor hliðin kemur upp? Á hvað ætlar þú að veðja?

Svo koma rök Pascals fyrir því að leggja lífið að veði fyrir því að Guð sé til: Það eru tveir möguleikar, annað hvort er Guð til eða ekki. Ég get brugðist við á tvo vegu, ég get trúað eða verið trúlaus. Það er því hægt að setja kostina, sem Pascal ræðir, í töflu svona:

	Guð er til	Guð er ekki til
Ég kys að trú	Óendanlega mikill ávinningur - það er eilíf sæla.	Endanlegt tap (sem er í því fólgið að hafa rangt fyrir sér).
Ég kys að vera trúlaus	Enginn ávinningur.	Endanlegur ávinningur (sem er í því fólgin að hafa rétt fyrir sér).

Heimspæki Guð og trú

Séu kostirnir eins og taflan sýnir þá er mun skynsamlegra að trúa en að vera trúlaus því þá eru endanlegar líkur á óendanlegum vinningi og happdrætti þar sem eru endanlegar líkur á óendanlegum vinningi er óendanlega hagstætt.

En Pascal gerir sér grein fyrir því að þessi rök duga ekki til að snúa þeim trúlausum. Hann er vís til að segja. Hvað á ég að gera? Ég er þannig gerður að ég get ekki trúað.

Það má vel vera en komdu því inn í hausinn á þér að getir þú ekki trúað þá er tilfinningum þínum um að kenna, því skynsemin segir þér að trúa. Vertu ekki að reyna að sannfæra sjálfan þig með sönnunum fyrir tilveru Guðs, reyndu heldur að hafa hemil á tilfinningum þínum. Þú vilt finna trú en veist ekki hvar skal leita. Þú vilt læknast af trúleysi þínu og spyrð um meðal. Lærðu af þeim sem eitt sinn stóðu í þínum sporum en leggja nú allt sitt undir. Þetta fólk þekkir leiðina sem þú vilt fara, farðu í fótspor þess. Það lét sem það væri trúað, notaði vígt vatn, lét syngja messur og svo framvegis.

Síðan Pascal setti þessi rök fram hafa ýmsir spekingar fetað í fótspor hans og reynt að sýna fram á að skynsamlegt sé að trúa einhverju um efni sem enginn veit neitt um.